

142 Vitnum fyrir alls konar fólki

(1. Tímóteusarbréf 2:4)

1. Að líkjast Guði kappsmál okkur er og forðast hlutdrægnina líka ber. Að bjarga alls kyns fólki er hans ósk, hann býður öllum: Tilheyrið þið mér.

(VIÐLAG)

*Guð sér meir en aðrir sjá,
hann sér hjartans innstu þrá.
Hans boðum komum allra manna til.
Vegna kærleika ég fer,
áfram vitna hvar sem er,
vináttu Guðs og kærleik boða vil.*

2. Ei skiptir máli hvar við finnum fólk né hvað við fyrstu sýn þá blasir við. Því öllu skiptir hjartalag hvers manns og öllum býður Jehóva sinn frið.

(Viðlag)

3. Enn velkomið er þeim sem velja það að segja skilið gamla heiminn við. Við vitum það og kunngerum það djörf svo alls kyns fólki boðum við Guðs grið.

(Viðlag)